

Nd.

607. Nefndarálit

[143. mál]

um frv. til l. um almenningsbókasöfn.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og rætt málið við formann þeirrar nefndar, er samdi frv., og við fræðslumálastjóra. Leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 2. gr. Orðin „Skriðdalur, Fljótsdalur og Jökuldalur“ í 21. tölul. falli burt.
2. Við 5. gr. Við greinina bætist: að dómi bókavarðar.
3. Við 8. gr. Í stað 1. málgr. komi tvær málgr., svo hljóðandi:
Bæjarstjórn eða hreppsnefnd, þar sem bókasafn er staðsett, og sýslunefnd kjósa stjórn safnsins.
Í stjórn bókasafns skulu eiga sæti 3 eða 5 menn, eftir því sem þeir aðilar, er hana kjósa, ákveða. Rísi ágreiningur milli aðila um fjölda stjórnarmanna, sker bókafulltrúi úr.
4. Við 9. gr. Orðin „og bókafulltrúi“ í 1. málgr. falli burt.
5. Við 16. gr. 2. og 3. másl. orðist svo:
Skulu 2 þeirra kosnir af félagssamtökum þeim, sem að safninu standa, á hverjum aðalfundi félags. Hinn þriðja kys hlutaðeigandi sveitarstjórn til 4 ára.
6. Við 31. gr. Framan við greinina komi kaflafyrirsögn, svo hljóðandi:
VI. kafli. — Um gildistöku laganna o. fl.
7. Við ákvæði til bráðabirgða. Í stað „júnilok“ komi: árslok.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja frekari brtt. og að fylgja brtt., sem fram kunna að koma.

Einn nefndarmanna (KJJ) var fjarstaddur, þegar málið var afgreitt í nefndinni.

Alþingi, 18. apríl 1955.

Kristín Sigurðardóttir,
form.

Páll Þorsteinsson,
fundaskr., frsm.
Karl Guðjónsson.

Halldór Ásgrímsson.